

Föstudaginn 12. desbr. 1924

Nr. 48/1924.

**Guðrún Gísladóttir Björns**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Birni Eyjólfssyni** (L. Fjeldsted).

Útaf skaðabótum vegna bifreiðarslyss.

Dómur aukarjettar Hafnarfjarðarkaupstaðar 14. maí 1924: Björn Eyjólfsson bifreiðarstjóri, til heimilis á Suðurgötu 20 í Hafnafirði, á að vera sýkn af kærnum og kröfum hins opinbera að því er hegningu snertir. Hann skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Ennfremur ber honum að greiða hjúkrunarkonu Guðrúnu G. Björns á Vífilsstöðum kr. 620,00 — sex hundruð og tuttugu — krónur í skaðabætur, og 6% ársvexti af upphæð þessari frá 15. þ. m. til greiðsludags.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Mál þetta, sem valdstjórnin höfðaði í hjerði gegn stefnda fyrir brot á bifreiðarlögunum nr. 88/1917 en ekki hefir áfrýjað fyrir sitt leyti, var rekið fyrir aukarjetti. En þar sem málið var rannsakað fyrir lögreglurjetti, enda sæmilega upplýst, þá þykir ekki þurfa að ómerkja dóminn fyrir þessa sök.

Áfrýjandinn, sem fengið hefir gjafsókn í málinu fyrir hæstarjetti og sjer skipaðan málflutningsmann, hefir lækkað kröfur sínar um 40 kr. og krefst nú dóms fyrir 1171 kr. 85 aur. eða til vara fyrir 721 kr. 85 aur., með 6% vöxtum frá kröfudegi 7. febr. þ. á. af hvorri upphæðinni, sem honum verður dæmd, og bóta eftir dómkvaddra óvilhallra manna mati fyrir skemdir á loðfeldi áfrýjanda, er hann hafði krafist 450 kr. bóta fyrir og fólgnar eru í aðalkröfunni.

Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir báðum rjettum, hvernig sem málið fer.

Stefndi, sem gagnáfrýjað hefir málinu, að fengnu áfrýjunarleyfi, krefst hinsvegar aðallega sýknu, eða til vara staðfestingar hjeradsdómsins, að frádregnum ofangreindum 40 kr. Til þrautavara krefst stefndi, að hann verði að eins dæmdur til að greiða áfrýjanda dómsupphæðina þannig lækkaða, að viðbættum 141 kr. 85 aur. fyrir skemdir á öðrum fötum áfrýjanda en loðfeldinum og þeirri upphæð, er dómkvaddir, óvilhallir menn kunna að meta skemdir á honum. Svo krefst stefndi málskostnaðar í hæstarjetti, hver sem úrslit málsins þar kunna að verða.

Það er sannað í málinu, að stefndi hafi laugar daginn 20. okt. f. á., kl. 5—6 síðdegis ekið mannflutningabifreið sinni, H.F. 43, fram úr vöruflutningabifreið þeirri, K.G. 5, er áfrýjandi var í, meðan sú bifreið var á ferð upp norðanverðan Kópavogsháls, skamt fyrir sunnan Fossvogsbrú, þar sem akvegurinn er upphleyptur og ekki nema 4 metra breiður milli brúna, að mannbifreiðin hafi komið við vörubifreiðina, sem stödd var nálægt vinstri vegarbrún, um leið og hún fór fram úr henni, að vörubifreiðin hafi oltið útaf veginum og að áfrýjandi hafi orðið fyrir allmiklum meiðslum.

Þá má telja það sannað, að stefndi, sem ók alllengi skamt á eftir vörubifreiðinni, hafi við og við gefið hljóðmerki, enda þó að enginn, sem var í þeirri bifreið, 4 menn alls, tjáist hafa heyrt það. Og enn fremur er það sannað, að vörubifreiðin, sem lengst af hafði ekið eftir miðjum veginum eða því sem næst, hafi, rjett áður en áreksturinn varð, vikið til vinstri handar, og tjáist stefndi hafa skilið það svo, sem vörubifreiðin hefði vikið til að hleypa sjer fram-

hjá, en vörubifreiðarstjórinn tjáist hafa gert það til þess að komast hjá hvarfi í veginum.

Það er in confesso, að hvor bifreiðin um sig var 1,75 metri á breidd og að vörubifreiðin hafi verið um 15 ctm. frá vinstri vegarbrún, þegar áreksturinn varð. Og nú með því að vegurinn, þar sem vögnunum lenti saman var, eins og áður greinir, ekki nema 4 metrar milli brúna, þá hefir bilið, sem upp á var að hlaupa, milli bifreiðanna, sem báðar voru í hreyfingu, verið svo tæpt að ekki getur talist forsvaranlegt að hætta þar á framhjáferð, og það því síður sem það er játað af stefnda, að vegurinn hafi breikkad að miklum mun, um 20 föðmum sunnar. Sjerstaklega athugast, að það getur ekki sýknað stefnda gagnvart áfrýjanda, þó að hann hjeldi, að vörubifreiðarstjórinn ætlaðist til, að hann færi fram úr sjer. Stefndi átti sjálfur að meta allar aðstæður á eigin ábyrgð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefndi, sem átti mannbifreiðina sjálfur, eigi að eins að bæta áfrýjanda, samkv. 14. og 15 gr. bifreiðarlaganna, þau meiðsl og skemdir á fötum, sem áfrýjandi varð fyrir, heldur þykir hann og, þar sem hann, eins og að ofan greinir, sýndi ekki af sjer tilhlýðilega varkárni, eiga að greiða áfrýjanda þóknun fyrir þjáningar þær og óþægindi, sem af meiðslunum leiddu.

Áfrýjandi hefir sundliðað aðalkröfu sína þannig :

1. fyrir skemdir á fötum . . . . .	591 kr. 85 aur.
2. kaupmissir í 2 mánuði . . . . .	80 — 00 —
3. fæði og húsnæði í 2½ mánuð . . . . .	200 — 00 —
4. fyrir þjáningar og líkamsmeiðsl . . . . .	300 — 00 —
og kemur þá út aðalkröfuhæðin . . . . .	1171 kr. 85 aur.

En læknir sá, sem stundaði áfrýjanda, lýsir 27. jan. þ. á. meiðslum hennar á þá leið, að þau

hafi verið: »djúpt, marið, óhreint og sundurtætt sár, 10 ctm. á lengd og 4—5 ctm. á breidd, á miðjum vinstri legg framan- og innanvert« og »lokað beinbrot á 1. vinstra millifótarbeini«, og hafi hvorugt meiðслиð verið gróið fyrir en 10.—12. nefnds mánaðar. Telur læk'nirinn áfrýjanda tæplega munu verða vinnufæran fyrir en eftir 2 mánuði eða í marslok, enda hafi áfrýjandi 3—4 dögum eftir meiðslin fengið brjóst-himnubólgu, sem sennilega hafi orsakast af áfallinu.

Bæturnar og þóknunin, sem stefndi hefir ekki mótmælt, ef hann á annað borð yrði talinn skaðabótaskyldur, nema bótunum fyrir skemdir á loðfeldinum, ákveðast þannig:

1. fyrir skemdir á loðfeldinum, sem sýndur var í rjettinum . . . . .	250 kr. 00 aur.
2. fyrir aðrar fataskemdir . . . . .	141 — 85 —
3. — kaupmissi . . . . .	80 — 00 —
4. — fæði og húsnæði . . . . .	200 — 00 —
5. — þjáningar og óþægindi . . . . .	300 — 00 —
	eða samtals 971 kr. 85 aur.

með 5 % ársvöxtum frá 7. febr. þ. á.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi og að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarjetti og ákveðst hann 250 kr., þar af 100 kr. til skipaðs málfutningsmanns áfrýjanda, en málskostnaður í hjerði þykir eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Björn Eyjólfsson, greiði áfrýjanda, Guðrúnu Gísladóttur Björns, 971 kr. 85 auru með 5 % ársvöxtum frá 7. febr. 1924.

Svo greiði stefndi áfrýjanda og 250 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, þar af 100 kr. til skipaðs

málflutningsmanns áfrýjanda, Jóns Ásbjörnssonar hæstarjettarmálaflutningsmanns. En málskostnaður í hjeraði falli niður.

Dóminum skal fullnægja, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Laugardaginn 20. oktr. f. á. um kl. 5 e. háð. fór ákærður, Björn Eyjólfsson, bifreiðarstjóri, til heimilis á Sudurgötu nr. 20 hjer í bænum, sem er 34 ára að aldri, frá Reykjavík í mannflutningabifreið sinni H.F. 43, áleiðis til Hafnarfjarðar með 5 fullorðna farþega og eitt barn. Þegar bifreiðin kom inn á Öskjuhlíðina, var vöruflutningsbifreið þar á veginum á undan þeim, og kveðst þá ákærði hafa gefið hljóðmerki í því skyni að bifreið þessi viki fyrir hans, svo hann gæti komist fram með henni, en því var eigi sint og skýrir ákærður og þeir, sem í bifreið hans voru svo frá, að „flautað“ hafi verið þannig alla leið niður Fossvogsbrekkuna og suður fyrir Fossvogsbrú og hjer umrædd bifreið verið jafnan rjett aftan við þá, er á undan fór, en sú bifreið haldið sjer jafnan á miðjum vegi eða því sem næst, þar til kom upp að bugðu í holtinu sunnanmegin Fossvogar, að bifreið sú, er á undan var, hafi hægt á sjer og vikið út á vegarbrún vinstra megin eða því sem næst, og hafi þá ákærður farið fram með henni með hægri ferð, en er bifreið ákærða var um það komin fram fyrir hina, hafi sú bifreið oltið út af veginum, eða þeir í bifreið ákærða orðið þess varir þá rjett á eftir, og stöðvað bifreiðina í því skyni að aðgæta, hvort nokkuð hefði orðið að hinni bifreiðinni, en eigi segjast þeir í bifreið ákærða hafa orðið varir við árekstur bifreiðanna eða tæplega merkt hann, og engin merki sjest á bifreiðunum eftir að árekstur hafi orðið, en ákærður hefir skýrt frá því, að honum eigi hafi sýnst betur, en að bifreið sú, er á undan fór, hafi beygt lítið eitt til hægri eða inn á veginn, í því að hann fór fram með, og við það hafi bifreiðunum lent saman og að árekstur annars enginn hefði orðið milli bifreiðanna, enda og hlutadeigandi bifreiðarstjóri Albert Jóhannesson, kannast við það við hann, að hafa beygt þannig til hægri eða inn á veginn, en það er álit manns þessa, að slysið eða áreksturinn hafi orsakast af því að bifreið ákærða hafi lent á framhjól

bifreiðar hans, svo hjólið hafi snúist út af veginum, en hann kveðst ekkert hafa vitað til þess, að hann hafi beygt inn á veginn, þótt hann eigi vilji fortaka að svo hafi orðið, en það hafi þá verið í algjörðu grandaleysi, eða af því að hann ekkert hafi vitað af bifreið þeirri, sem á eftir var fyrir en hann sá hana koma fram með sinni eða fram fyrir hana. Kveðst hann ekkert hljóðmerki hafa heyrt, og sjer ekki dottið í bug að hleypa bifreið fram með sinni á þeim stað, er slysið varð, þó hann hefði heyrt hljóðmerki gefið, þar vegurinn sje þar svo mjór, en ákærður kveðst á hinn bóginn eigi hafa getað hugsað annað, en að bifreið Alberts hefði beygt þannig út á vegarbrún eingöngu í þeim tilgangi að hleypa sjer frambjá. Í vöruflutningsbifreiðinni er fyrir greinir, G.K. 5, eign Vífilstaðahælisins, voru auk fyrnefnds bifreiðarstjóra, yfirlæknir Sigurður Magnússon og hjúkrunarkona hælisins, og sátu þau bæði frammi í bifreiðinni við hlið bifreiðarstjórans, en aftan á bifreiðinni, ofan á farangri hennar Guðrún G. Björns hjúkrunarkona á Vífilstaðahælinu, og kveðst hún ekkert hafa orðið vör við bifreið þá, er á eftir kom, fyrir en hún var rjett aftan við þeirra bifreið eða rjett áður en áreksturinn varð, og eigi fyrir en þá eða rjett í því heyrt hana gefa merki, segist hún hafa snúið sjer fram í bifreiðinni eða að stýrishúsinu, og vegna vedurs haft uppbrettan kraga á lodskinnskápu sinni, og því ekki getað heyrt vel þó merki hafi verið gefið, en enginn hinna í bifreið þessari, hvorki bifreiðarstjóri, nje hinir farþegarnir segjast hafa heyrt til hinnar bifreiðarinnar eða vitað neitt um hana fyrir en í því að hún var að fara fram úr þeirra bifreið, en þau segjast hafa orðið vör við hristing eða titring á henni áður en hún fjell út af veginum. Kveðst fyrnefnd hjúkrunarkona eigi hafa gjört neina tilraun til þess að bjarga sjer af bifreiðinni, þar hún og hafi verið skorðuð á milli farangurs, er á henni var, og hún ásamt honum oltið út úr bifreiðinni, sem þá í fallinu hafi lent ofan á vinstra fót hennar, og hún meidst þar mikið. Samkvæmt álitsgjörð tveggja bifreiðarstjóra, er útnefndir hafa verið til þess að mæla breidd þess hluta vegarins er áreksturinn varð á, og álits hvort forsvaranlegt hafi verið að fara þar á bifreið fram hjá annari þótt á ferð væri, dags. 9. mars þ. á., er vegurinn á þessum stað af mönnum þessum talinn að vera brúna á milli alls 4 metrar, og einnig af þeim álituð, að hægt sje fyrir bifreið að fara þar fram hjá annari bifreið, sem á ferð sje, en þó því aðeins, að bifreið sú, sem fram hjá er farið, sje á hægri ferð, og að bifreiðarstjórnarnir

viti hvor af öðrum. Hyggur bifreiðarstjórinn á vöruflutninga-bifreiðinni, að hún hafi farið upp hallann með á að giska 15 kílómetra hraða, en veit þó ekki um það með vissu, þar hann vantaði hradamæli, og þar sem hann eigi hafi vitað af hinni bifreiðinni, hafi hann eigi hennar vegna hægt á ferðinni áður en hin fór fram hjá, en samkvæmt skýrslu ákærða og farþeganna í hans bifreið, á hún að hafa hægt á sjer um leið og hún beygði út á vegarkantinn, og bifreið hans að hafa farið fram með varúð og hægri ferð, en að vöruflutningabifreiðin vjek til á veginum, eins og fyr greinir, segir bifreiðarstjóri hennar að hafi verið gjört í þeim tilgangi eingöngu, að sneiða hjá vatnsrás þar í veginum, en engan veginn í því skyni að önnur bifreið gæti komist fram með, eins og ákærði hefir haldið fram eða gengið út frá, en um vatnsrás þá í veginum á greindum stað, er fyr um getur, hefir eigi nánar orðið upplýst.

Til upplýsingar í málinu hefir verið framlagt vottorð frá 11 bifreiðarstjórum um að þeir telji óforsvaranlegt að fara fram hjá annari bifreið á 4 metra breiðum vegi, nema sá bifreiðarstjóri, er fram hjá fer sje þess viss, að sá, er á undan fer, viti af að þetta standi til, en vottorð þetta segir eigi annað eða meira en í álitni hinna útnefndu manna greinir, og virðist sakfelling ákærða eftir framansögðu aðallega velta á því, hvort hann hafði næga ástæðu til þess að ætla, að bifreiðarstjóra þeim, er á undan var, hafi verið vitanlegt að hann ætlaði fram hjá hans bifreið á greindum stað, og þar sem, eins og fyr greinir, skýrsla ákærða, er kemur fyllilega heim við vitnisburð farþeganna í hans bifreið, bendir eindregið til þess, að bifreið sú, er á undan fór, er jafnan áður hafði verið á miðjum vegi eða því sem næst, en beygt út á vegarbrún, hafi eingöngu, eða vagnstjóri hennar gjört þetta, í því skyni, að hleypa hans bifreið fram hjá, eða að honum eigi eftir atvikum hafi hlotið að vera ljóst, að hann gjörði það af nokkurri annari ákveðinni ástæðu, virðist rjett vera, að hann eigi verði látinn sæta sektum eftir ákvæðum 13. gr. laga um notkun bifreiða frá 14. nóvbr. 1917, fyrir brot á lögum þessum, en á hinn bóginn virðist hann samkvæmt ákvæðum 14. og 15. gr. sömu laga, eiga að vera skaðabótaskyldur, gagnvart hjúkrunarkonu Guðrúnu G. Björns, er fyr greinir, að því leyti sem kröfur hennar eru á rökum bygðar. Eru kröfur hennar til skaðabóta samtals 1211,85 og 6% ársvextir af skaðabótum frá kröfudegi og málskostnaður kr. 146,18. Að því er legukostnað og vinnutap eða

kaupmissir snertir, er samkvæmt gjörðri kröfu og framlögðum reikningi nemur samtals kr. 320,00 þá virðist krafa hennar á rökum byggð, en að því er snertir skadabætur fyrir skemdir á fötum eða fatnaði hjúkrunarkonunnar samtals kr. 591,85, þá liggja eigi sannanir fyrir því, að hjer um ræddur fatnaður hjúkrunarkonunnar hafi eyðilagst með öllu sem og er ósennilegt, en þar sem á hinn bóginn skemdunum eigi er sjerstaklega lýst eða þær metnar út af fyrir sig, heldur fatnaðurinn sem nýr væri, í framlagðri virðingargjörð eða reikningi, verður þessi liður kröfunnar eigi, gegn mótmælum ákærða, tekinn til greina, en þar á móti þykir rjett og sanngjarnt vera, með hliðsjón af framlögðu vottorði læknis um meiðsli hlutadeiganda og afleiðinga þeirra, að ákærður greiði umkraðar 300 krónur sem skadabætur til ofannefndrar hjúkrunarkonu fyrir þjáningar og afleiðingar meiðsla þeirra, er í fyrgreindu læknisvottorði umgetur og hún hlaut af árekstri bifreiðanna svo og 6% í ársvöxtu af samtals kr. 620,00 frá stefnudegi. Krafa um málskostnað verður eigi tekin til greina. Reikningur frá Vífilsstaðahælinu kr. 57,00 fyrir viðgerð á bílhúsi er svo óljós, að hann heldur ekki verður tekinn til greina.

Ákærðum ber að greiða allan af sökinni löglega leiðandi kostnað.

---

Mánudaginn 15. desbr. 1924.

Nr. 19/1924. **Sigurður Briem f. h. pósthjórnar**

**Íslands**

(B. P. Kalman)

gegn

**Ólafi Jónssyni** (Guðm. Ólafsson).

Útaf kröfu stefnda um að fá greidda úr pósthjóði fjárhæð, er hann kveðst hafa innborgað og sent í pósthávisunum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júní 1923: Stefnur, aðalpóstmeistari f. h. pósthjóds Íslands, greiði stefnandanum Ólafi Jónssyni, 2700 krónur ásamt 5% ársvöxtum frá